

42. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt lögum.

43. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún, nr. 82 10. apríl 1945, ásamt síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Barðastrandasýslu nr. 110 frá 15. maí 1965.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Barðastrandarhreppur:

1. Moshlíðarvegur, að Barðastrandarvegi að Moshlíð.
2. Grænhólavegur, af Barðastrandarvegi, austan Haga, að Grænhól.
3. Hrísnavegur, af Barðastrandarvegi að Hrínesi.
4. Fitajarvegur, af Siglunesvegi að Fit.
5. Siglunesvegur, af Siglunesvegi (landsbraut) hjá Skriðnafelli að Siglunesi.
6. Brjánslækjarvegur, af Barðastrandarvegi að Brjánslækjarkirkju.
7. Brjánslækjarbryggjuvegur, af Barðastrandarvegi að Brjánslækjarbryggju.
8. Birkimelsvegur, af Barðastrandarvegi að félagsheimilinu Birkimel og sundlaug.
9. Hagakirkjuvegur, af Barðastrandarvegi að Hagakirkju.

Rauðasandshreppur:

1. Lambavatnsvegur, af Rauðasandsvegi við Gröf að Lambavatni og Naustabrekku.
2. Melanesvegur, af Rauðasandsvegi við Bjarngötudal um Móberg að Melanesi.
3. Kvígindisdalsvegur, af Örlygshafnarvegi að Kvígindisdal.
4. Hlaðseyrarvegur, af Barðastrandarvegi að Hlaðseyri.

5. Sauðlauksdalskirkjuvegur, af Örlygshafnarvegi að Sauðlauksdalskirkju.
6. Breiðavíkurvegur, af Örlygshafnarvegi að Breiðavíkirkirkju, vistheimili og skóla.
7. Fagrahvammasvegur, af Kollsvíkurvegi að félagsheimilinu Fagrahvammi og skóla.
8. Keflavíkurvegur, af Örlygshafnarvegi að Keflavík.

Tálknafjarðarhreppur:

1. Suðureyrarvegur, af Bildudalsvegi að Suðureyri.
2. Sellátravegur, frá Stóra-Laugardal, um Kvígindisfell og Bakka að Sellátrum.
3. Stóra-Laugardalskirkjuvegur, af Tálknafjarðarvegi hjá Litla-Laugardal, að Stóra-Laugardal.
4. Sveinseyrarvegur, af Tálknafjarðarvegi að skóla, sundlaug og félagsheimilinu Dunhaga.
5. Götur samkvæmt gildandi skipulagi í kaupúninu Tálknafirði út frá Tálknafjarðarvegi.

Ketildalahreppur:

1. Fremri-Hvestuvegur, af Ketildalavegi í Hvestu, fram dal að Fremri-Hvestu.
2. Neðri-Hvestuvegur, af Ketildalavegi í Hvestu, að Neðri-Hvestu.
3. Feigsdalsvegur, af Ketildalavegi við Bakka, um Grænuhlíð og Feigsdal að Granda.
4. Öskubrekkuvegur, af Ketildalavegi í Fífustaðadal að Öskubrekku.
5. Uppsalavegur, af Ketildalavegi við Brautarholt í Selárdal að Uppsölum.
6. Selárdalskirkjuvegur, af Ketildalavegi, að Selárdalskirkju.

Suðurfjarðarhreppur:

1. Dufansdalsvegur, af Bildudalsvegi að Dufansdal.
2. Geirþjófsfjarðarvegur, af Bildudalsvegi, um Trostansfjörð, Norðdal um Ófærunes að Botni.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu
nr. 125 9. júní 1965.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m ef hann endar þar.